

Skólaráð

4.fundur, 28.febrúar 2019

Mættir: Sigrún Bjarnadóttir, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Halla Valgeirsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hildigunnur Jónsdóttir, Helga Fanney Þorbjarnardóttir, Fjarverandi: Ágústa M. Jónsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Sóley Erla Jónsdóttir.

Fundarefni:

1. Skóladagatal

- a. Fundi var frestað vegna þess að stjórnendur í Kópavogi höfðu ekki komið sér saman um skóladagatal þegar fundur var áætlaður.
- b. Rætt að vetrarleyfi verður áfram eins og áður. Afgerandi niðurstaða í foreldrakönnun, hátt í 60% sem vildu halda vetrarleyfinu eins. Um 400 foreldrar tóku þátt í könnuninni.
- c. Rætt skipulagsdaga. Lagt að færa til samráðsdaginn til þess að kennarar geti farið í námsferð til Stokkhólms.
 - i. Óþægindi fyrir foreldra því þá gætu sumir þurft að fá frí daginn sem samráðsdagurinn er og þegar þeir þurfa að fara í viðtal. Erfiðara að samræma vegna systkina þegar samráðsdagur er tekinn svona fljótandi. Frístund er opin þessa daga en foreldrar leggja það til að þetta séu frekar tveir skipulagsdagar frekar en samráðsdagur og skipulagsdagur. Málið verður tekið fyrir á næsta kennarafundi sem og á fundi hjá stjórn foreldrafélagsins.
- d. Foreldrar ræða óþægindi við að hafa vetrarleyfið upp við samræmd próf á vorönn. Skólastjóri gerði þá athugasemd á skólastjórafundi en hún fékk ekki hljómgrunn.
 - i. Nemendur hvetja stjórnendur til þess að ræða við 9.bekk á næsta ári ef þetta heldur og hvetja þá til að undirbúa sig fyrir - vera með námstæknifræðslu.
 - ii. Skólaráð gerir athugasemd við dagsetningu vetrarleyfis. Skólastjóri kemur því á framfæri til menntaráðs.
- e. Rætt uppbrots/þemadaga, hver tilgangurinn er og hvernig nemendur upplifa þessa daga. Almenn tveir verjið ánægja með þessa daga síðustu misseri.
- f. Skóladagatal tekið fyrir hjá foreldrafélaginu á næsta fundi.
- g. Skólaráð samþykkir skóladagatal með fyrirvara um samþykki hjá foreldrafélaginu og að athugasemdir varðandi samráðsdag verði teknar til greina.

2. Stefnumótunardagur

- a. Færum stefnumótunardaginn til 15.mars.



- b. Lagt fyrir foreldra þá hugmynd hvort það sé betra að hafa daginn seinnipart til þess að fá betri mætingu. Verður borið undir fyrirlesara sem er væntanlegur frá Kópavogsbæ.
- c. Stefnt er á taka fyrir heimsmarkmiðin en það er stefna Kópavogsbæjar að allir skólar innleiði þau í allar áætlanir og stefnur skólans.
 - i. Rætt að velja okkur áherslur út frá niðurstöðum fyrir skólann og vinna út frá helstu þörfum um úrbætur, það á einna helst við um markmið varðandi heilsu og vellíðan. Einnig teljum við í skólanum mikilvægt að leggja áherslu á menntun fyrir alla og jafnrétti kynjanna.
 - ii. Foreldrar ætla að vinna með rafrænan útvistartíma - sem er liður í að efla heilsu og vellíðan nemenda.
 - iii. Ákveðið á að skoða hvort Auður frá Kópavogsbæ komist seinnipart og færa til dagsetnigu út frá því. Auður myndi þá koma með kynningu á heimsmarkmiðunum og stýra umræðum.

3. Önnur mál

- a. Kolsýrt vatn
 - i. Nemendur vilja að það sé endurskoðað hvort að kolsýrt vatn sé bannað í skólanum. Stjórnendur taka þetta fyrir með kennurum.
- b. Skólastofur
 - i. Spurning frá foreldri varðandi hvort það sé mögulegt að færa til list/verk stofur í Hjalla svo að miðstigið geti verið allt á einu svæði. Þetta hefur með hljóðeinangrun og stærð stofa að gera. Fjöldi nemenda er orðinn mjög mikill sem skapar erfiðleika í skipulagi. Þetta skipulag er allt í skoðun.
- c. Framhaldsskólakynningar
 - i. Hafa þarf í huga hvort námsbrautirnar sem nemendur velja uppfylli kröfur háskólanna um fyrirhugað framhald (fjöldi eininga í kjarnagreinum) og einnig hvort brautirnar séu vottaðar af menntamálastofnun.
 - ii. Breytileiki milli framhaldsskóla er mjög mikill og erfitt að meta áfanga á milli skólanum.
 - iii. Þessar breytingar eru foreldrum ókunnar - spurning hvort það eigi að vera framhaldsskólakynningar fyrir foreldra. Verður borið undir námsráðgjafa skólans.
- d. Hádegi á miðstigi.
 - i. Nemendur upplifa að þau nái ekki að fara út í frímínútur eftir matinn. Nemendur eru að hafa fengið svigrúm til að taka langan tíma í mat, eru ekki send út í frímínútur. Fá 30 mínútur í hádeginu. Spurning hvort það þurfi að lengja hádegismatinn. Þessi umræða verður tekin með kennurum og starfsfólki.
 - ii. Þegar það er góður matur þá kvarta nemendur undan því að þeir megi ekki fá sér aftur þegar allir eru búnir að fá. Þetta verður rætt við matráð.
- e. Móttaka nemenda í 1. bekk haustið 2019
 - i. Rætt hvort það er eitthvað sem skólinn getur gert betur varðandi móttöku.



ÁLFHÓLSSKÓLI

- ii. Í teymiskennslu hóp náðu foreldrar ekki eins góðu samstarfi og samheldni.
- iii. Gott væri fá kynningarfundir fyrr, áður en nemendur koma í vorskóla.